

Bæjarráð - 613

FUNDARBOÐ

613. fundur bæjarráðs
verður haldinn í bæjarráðssal, 14. maí 2020 og hefst kl. 16:15

Dagskrá:

Fundargerðir nefnda

1. 2004006F - Skóla- og fræðslunefnd - 175

Lögð er fram fundargerð 175. fundar Skóla- og fræðslunefndar sem haldinn var 5. apríl sl., fundargerðin er í 3 liðum.

Til afgreiðslu eru liðir nr. 2 og 3.

Lóðaumsóknir

2. 2004025 - Umsókn um lóð - Hjallatangi 48

Lögð er fram umsókn Eggerts Halldórssonar um lóðina við Hjallatanga 48.

3. 2005040 - Lóðarumsókn - Nesvegur 12

Lagðar fram umsóknir Hafþórs Inga Þorgrímssonar, Jóns Borgars Loftssonar, Bogga ehf., Þórleifar Hjartardóttur og Örne Daggar Hjaltalín um lóðina að Nesvegi 12 í Stykkishólmi. Um er að ræða lóðnaðar- og athafnalóð, skipulagssvæðið er hluti af hafnarsvæðinu við Skipavík vestan við Nesveginn.

Erindi til afgreiðslu/umsagnir

4. 1905032 - Samningur við Snæfell

Formaður Snæfells kemur til fundar við bæjarráð til að ræða fyrirbyggjandi samningsdrög Stykkishólmsbæjar við Snæfell.

5. 2005024 - Bráðabirgðauppgjör janúar - mars 2020

Framlagt bráðabirgðauppgjör janúar - mars 2020.

6. 2004017 - Sviðsmýndir um áhrif COVID-19 á rekstur Stykkishólmsbæjar

Lagðar eru fram sviðsmýndir um efnahagsleg áhrif COVID-19 á rekstur Stykkishólmsbæjar auk breytinga á áætlun ásamt öðrum gögnum.

7. 2004049 - Umsögn um rekstrarleyfi - Sjávarpakkhúsið, Hafnargötu 2a

Lagt fram erindi ásamt fylgiskjöllum, dags. 28. apríl 2020, frá Sýslumanninum á Vesturlandi, þar sem óskað er umsagnar Stykkishólmsbæjar vegna umsóknar Hafnargötu ehf kt.660216-1620 hefur sótt um rekstrarleyfi til þess að reka veitingastað í flokki III,veitingahús, sem rekið er sem Sjávarpakkhúsið að Hafnargötu 2a (F2115850), 340 Stykkishólmi.

Um er að ræða nýtt rekstrarleyfi til veitingu veitinga (endurnýun) vegna Sjávarpakkhússins sem

umsækjandi rekur þarna skv. rekstrarleyfi LG-REK-0110079 sem gildir til 28. júlí 2020.

8. 2004051 - Umsögn um rekstrarleyfi - Heimagisting Ölmú

Lagt fram erindi frá embætti Sýslumannsins á Vesturlandi. Óskað er eftir umsögn Stykkishólmsbæjar vegna umsóknar Ölmú Diego Arnórsdóttur kt.090853-2959 um rekstrarleyfi til rekstur gististaðar í flokki II, minna gistiheimili, sem rekinn er að Sundabakka 12, Stykkishólmi.

Einnig eru lögð fram samskipti í formi tölvupósts varðandi málið.

9. 2004002 - Erindi frá Eflingu Stykkishólms

Framlagðar hugmyndir frá Eflingu Stykkishólms þar sem óskað er eftir samstarfi við Stykkishólmsbæ.

10. 2005025 - Bærinn minn - Hringbraut

Lagt er fram minnisblað bæjarstjóra ásamt gögnum frá Hringbraut varðandi nýjann þátt á Hringbraut sem kynnir sveitarfélög landsins fyrir áhorfendum.

11. 2005035 - Bréf frá Skógræktarfélagi Stykkishólms

Lagt er fram bréf sem Björn Ásgeir Sumarliðason sendi bæjarráði f.h. Skógræktarfélags Stykkishólms þar sem óskað er eftir samstarfi og stuðningi Stykkishólmsbæjar fyrir sumarið 2020.

Einnig er óskað eftir viðræðum um árlegan fjárstyrk til skógræktarfélags Stykkishólms.

12. 2005039 - 17. júní 2020

Gera má ráð fyrir því að hátíðahöld á þjóðhátíðardaginn, 17. júní, verði frábrugðin hefðbundnu sniði þetta árið vegna áhrifa COVID-19.

Bæjarstjóri fer yfir þær hugmyndir sem fram hafa komið hvað varðar hátíðardagskrá 17. júní 2020

13. 2005037 - Sumarstörf vegna átaksverkefnis fyrir námsmenn

Stykkishólmsbær sótti um, til vinnumálastofnunar, þátttöku í átaksverkefni til að fjölga tímabundnum störfum fyrir námsmenn nú í sumar.

Sótt var um heimild til að ráða í 32 ný og áður óauglýst störf, líkt og forsendur gerðu ráð fyrir. Umsóknarfrestur var stuttur, hann rann út 8. maí, en auglýst var eftir umsóknum 6. maí.

Lögð er fram umsókn Stykkishólmsbæjar.

14. 2005036 - Opnunartími Eldfjallasafns

Til umræðu er opnunartími Eldfjallasafns fyrir sumarið 2020 og starfsemi næsta vetur.

15. 2005023 - Vestfjarðarvíkingurinn 2020

Óskað hefur verið eftir að halda lokakeppnir ásamt verðlaunaafhendingu Vestfjarðarvíkingsins 2020 í Stykkishólmi.

Til stendur að keppnin standi í tvo daga. Hefjist í Búðardal laugardaginn 4. júlí, haldi

áfram í Snæfellsbæ seinnipart sama dags og endi svo í Stykkishólmi sunnudaginn 5. júlí. Þáttur um mótið verður sýndur á RÚV.

Meðfylgjandi er erindi Magnúsar Ver og umsögn Eflingar um hvort umræddur viðburður henti vel m.a. við skipulagningu viðburða á vegum Eflingar í sumar.

16. 2005020 - Bann við hrognkelsaveiðum árið 2020

Fimmtudaginn 30. apríl s.l. undirritaði Kristján Þór Júlíusson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, reglugerð um stöðvun veiða á grásleppu á þessu fiskveiðiári þar sem fyrirséð var að veiðarnar muni fljótlega nálgast ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar um að heildarafli á þessu fiskveiðiári verði ekki meiri en 4.646 tonn. Í reglugerðinni kemur fram að grásleppuveiðar voru bannaðar frá og með miðnætti aðfaranótt sunnudagsins 3. maí 2020.

Í reglugerðinni var hins vegar heimilt að gefa út leyfi til grásleppuveiða í allt að 15 daga til þeirra sem stunduðu grásleppuveiðar árin 2018 eða 2019 á Breiðafirði, svæði 2, samkvæmt leyfum sem tóku gildi 20. maí þau ár eða síðar til þess að koma til móts við grásleppusjómenn sem stunda munu veiðar á þessu svæði en þær veiðar eru ekki heimilar fyrir en 20. maí n.k.

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar fundaði vegna málsins 6. apríl sl. og sendi frá sér ályktun.

Bæjarstjóri gerir grein fyrir stöðu málsins.

12.05.2020
Jakob Björgvin Jakobsson, bæjarstjóri.